

222. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 22. mars 2007 kl. 17.00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, forseti bæjarstjórnar GDP
Elísabet Lára Björgvinsdóttir, ELB
Ólafur Guðmundsson, ÓG
Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri, EF
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Berglind Axelsdóttir, BA
Davíð Sveinsson, DS
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund og stýrði.

1. Fundargerð bæjarráðs nr. 418 og 419, dags. 8.3. og 15.3.2007.

1.1. Fundargerð bæjarráðs nr. 418, dags. 8.3.2007.

Liður 1 fundargerðir nefnda.

Liður 1.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 7.3.2007.

Fundargerð framlögð. **Liður 1** deiliskipulagstillaga lögð fram af íbúðabyggð við Móholt/Búðanesveg dags. 5.03.2007. Samþykkt að deiliskipulagstillagan af íbúðarbyggð við Móholt fari í auglýsingu skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Liður 2 Einar Karlsson óskar eftir lóðarafmörkun/lóðarleigusamning fyrir Nesveg nr. 4, samkvæmt bréfi dags. 29.01.2007. Ekki er fallist á lóðarafmörkun þar sem ekki liggur fyrir deiliskipulag á svæðinu.

Liður 3 Páll Aðalsteinsson sækir um að byggja einbýlishús við Hjallatanga nr. 2 samkvæmt teikningum frá teiknistofu H.S.Á. dags. 1.02.2007. Stærðir: 184m², 695,9 m³. Byggingarleyfisumsókn samþykkt.

Liður 4 Páli Aðalsteinsson sækir um að byggja einbýlishús við Hjallatanga nr. 4 samkvæmt teikningum frá teiknistofu H.S.Á. dags. 1.02.2007. Stærðir: 184,0 m², 695,9 m³. Byggingarleyfisumsókn samþykkt.

Liður 5 Bæring B. Jónsson f.h. Friðriks Jónssonar sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Víkurgötu nr. 1 samkvæmt teikningum dags. 14.01.2007. Samtals 50 m². Umsóknin var í grenndarkynningu frá og með 22. janúar til og með 19. febrúar 2007. Engar athugasemdir bárust. Byggingarleyfisumsókn samþykkt. Erla sat hjá vegna tengsla.

Liður 6 Björgvin Ólafsson sækir um að byggja ofan á hús sitt við Laufásveg nr. 4 sbr. teikningar frá Verkfræðistofu E.K. dags. febrúar 2007. Samþykkt að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi fyrir Laufásvegi nr. 1, 3, 5 og 6 Aðalgötu nr. 11, 13 og 15, Víkurgötu nr. 7 og 8.

Liður 7 Stykkishólmsbær sækir um að staðsetja Tetra öryggisfjarskiptalofnet á þak skólahúss við Skólastíg nr. 11. Erindi samþykkt.

Liður 8 Orkuveita Reykjavíkur / Erla S. Gestsdóttir sækir um að byggja dæluhús við borholu í landi Ögurs ásamt lóðarafmörkun samkvæmt

afstöðumynd og bréfi dags. 12.02.2007. Samþykki eigenda liggur ekki fyrir. Leiðrétting á bókun á 90. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 13. febrúar s.l. Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki eigenda og að gerð verði óveruleg breyting á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar skv. 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Liður 9 Tillaga um frístundabyggð fyrir almenning í landi Stykkishólmsbæjar. Tillögu vísað af bæjarstjórn til umsagnar skipulags- og byggingarnefndar og þá til endurskoðunar á aðalskipulagi. Endurskoðun á aðalskipulagi, íbúafund, samkvæmt vísun bæjarstjórnar til skipulags- og byggingarnefndar. Samþykkt að skipulags- og byggingarnefnd, bæjarstjórn og skipulagshöfundar Aðalskipulags Stykkishólmsbæjar haldi íbúafund þriðjudaginn 20. mars kl. 20:00 Ráðhúsinu, í tengslum við endurskoðun á Aðalskipulagi Stykkishólmsbæjar. Samþykkt að skipulags- og byggingarnefnd sjái um skipulag og undirbúning fundarins. **Til máls tóku: LÁH og GDP**

Liður 10 Lagt fram bréf dags. 28.02.2007, frá Skipulagsstofnun um samráðsfund Skipulagsstofnunnar og sveitarfélaga um skipulagsmál og umhverfismat. Samþykkt að skipulags- og byggingarfulltrúi fari á fundinn.

Liður 11 Gunnar Már Gestsson sækir um að bæta við gluggum byggja við húsið að Silfurgötu nr. 22 samkvæmt teikningum frá Hjörleifi Sigurþórssyni dags. jan. 2007. Erindi samþykkt með fyrirvara á eftirfarandi athugasemdum: a) Samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar Silfurgötu nr. 20 þarf að liggja fyrir. b) Að á lóðarmörkum verði eldvarnarveggur samkvæmt byggingarreglugerð c) Grenndarkynna ber erindið fyrir Silfurgötu nr. 20 og nr. 22a.

Liður 12 1.a Skrifleg bókun Berglindar Lilju Þorbergsdóttur vegna afgreiðslu bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu við Borg þann 22. febrúar s.l. Ekki kom fram í bókaðri fundargerð skipulags- og byggingarnefndar, þann 13. febrúar 2007, að nefndin hafi farið á staðinn, mælt fyrir húsunum og aðstæður skoðaðar. Sökum þess, gæti verið að bæjarstjórn hafi skort þær upplýsingar þegar ákvörðun þeirra var tekin um að hafna tillögu nefndarinnar. Undirrituð leggur til að bæjarstjórn verði gerð nánari grein fyrir afstöðu byggingarnefndar, það er, að fram komi að aðstæður hafi verið skoðaðar á staðnum og það sé megin grundvöllur á ákvörðun nefndarinnar í þessu máli.

Liður 1.b Skrifleg bókun Björgvins Ólafssonar og Guðmundar Kristinssonar vegna afgreiðslu bæjarstjórnar á deiliskipulagstillögu við Borg þann 22. febrúar s.l. Undirritaðir óska rökstuðnings bæjarstjórnar vegna höfnunar tillögu skipulags- og byggingarnefndar, við deiliskipulagstillögu við Borg sem samþykkt var samhljóða eftir mikla og góða vinnu í nefnd. Undirritaðir skora á bæjarstjórn að kynna sér málið betur, svo sem staðsetningu bílskúrs á reit A og hvort eigi að raska útliti Borgarinnar til að koma honum fyrir. Einnig er ekkert tillit tekið til þeirra íbúa sem þetta hefur áhrif á. Og því má segja að sú góða vinna sem skipulags- og byggingarnefnd hefur af hendi leyst í þessu máli sé að engu höfð.

Varðandi bókun undir **lið 12 1a) og 1b)** í fundargerð skipulags- og byggingarnefndar dags. 07. mars 2007.

Ákvörðun meirihluta bæjarstjórnar tekur mið af framlögðum gögnum, þ.e. fyrri deiliskipulagstillögum ásamt auglýstri tillögu, innsendum athugasemdum, umsögn byggingafulltrúa er lögð var fram á 90. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 13. febrúar 2007, og skoðun bæjarfulltrúa á staðnum ásamt viðræðum við formann Skipulags- og byggingarnefndar og byggingafulltrúa um afgreiðslu nefndarinnar.

Það er rétt sem kemur fram í bókun Berglindar (12, 1a) að engar upplýsingar né rök koma fram af hálfu skipulags- og byggingarnefndar varðandi afgreiðslu nefndarinnar á deiliskipulagstillögu við Borg.

Í fundargerð nefndarinnar frá 90. fundi þann 13. febrúar 2007 segir:

1. Deiliskipulagstillaga við Borg í Stykkishólmsbæ. Tillaga var í auglýsingu til og með 8. janúar s.l. Athugasemdir bárust frá Gretari D. Pálssyni dags. 7.11.2006, Hinriki Axelssyni og Hönnu Maríu Björgvinsdóttur dags. 4.12.2006. Athugasemdir lagðar fram ásamt umsögn dags. 15. 01.07. Nefndin leggur til að ekki verði byggingarreitur fyrir bílskúra á lóðum. Hinsvegar möguleiki á innbyggðum bílskúrum við báðar lóðir.

Vegna skorts á rökstuðningi nefndarinnar við afgreiðslu á framangreindum lið var leitað eftir upplýsingum frá formanni og byggingafulltrúa sbr. hér að framan.

Varðandi bókun Björgvins og Guðmundar (12, 1b), er vísað til framangreinds rökstuðnings er kemur fram í umsögn byggingafulltrúa. Ekki verður fallist á það sjónarmið sem fram kemur í bókun Björgvins og Guðmundar að góð vinna nefndarinnar sé að engu höfð þó að hluti sjónarmiða ná ekki fram að ganga.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir (sign)
Gretar D. Pálsson (sign)

Fundargerð samþykkt.

Liður 1.4. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 21.2.2007 og 7.3.2007.

Bæjarstjórn tekur jákvætt í afþreyingu fyrir aldraðra, sbr. 16. fundur liður 2 en biður um nánari útfærslu og kostnaðaráætlun.

Samþykkt að sótt sé um hjá Heilbrigðisráðuneyti að boðið verði upp á tvö rými í dagvistun, sbr. 15. fund.

Til máls tóku: DS og GDP

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

Liður 1.6. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 21.2. og 5.3.2007.

Vísað til samþykktar í lið 1.4.

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

Liður 3. Opnun tilboða.

Liður 3.1. Opnun tilboða – Sameiginlegt útboð vegna Hjallatanga, 3. áfanga.

Eftirfarandi tilboð bærust:	Með vsk.
Borgarverk ehf., Borgarnesi	kr. 14.472.000
Ræktunarstöðin s.f., Hveragerði	kr. 18.684.700
Palli Sig. Ehf., Stykkishólmi	kr. 14.881.900
BB og synir ehf., Stykkishólmi	kr. 13.608.410

Kostnaðaráætlun er kr. 15.538.600 með vsk.

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Fyrirspurn frá Lárusi um hver hlutur Stykkishólmsbæjar er í tilboðinu?

Hlutur Stykkishólmsbæjar er 60% af tilboðinu eða kr. 8.165.046.

Til máls tóku: LÁH, EF og GDP

Liður 3.2. Opnun tilboða – Skipulag miðbæjar, jarðvinna og lagnir.

Eftirfarandi tilboð bærust:	Með vsk.
Berglín ehf. frávik 13.2.1 + lagnaliðir með söndun	kr. 18.959.000
Borgarverk ehf., Borgarnesi	kr. 18.575.000
BB og synir ehf., Stykkishólmi	kr. 21.351.499

Kostnaðaráætlun er kr. 23.257.000 með vsk.

Það er mat Jóns Ágústs Guðmundssonar byggingarverkfræðings hjá verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að frávikstilboðið komi ekki til álita og leggur til að samið verði við lægstbjóðandi í verkið.

Bæjarstjóra falið að ganga til samninga við lægstbjóðanda.

Bókun.

Varðandi tilboð í jarðvinnu og lagnir í miðbænum

Við undirrituð fögnum því að nú og hér eftir eigi að gæta ítrustu krafna um gæði í efnisnotkun við jarðvinnsluframkvæmdir á vegum Stykkishólmsbæjar. Við fögnum einnig að nú og hér eftir eigi að vera samhljómur milli útboðsgagna og verkfræðingnum þannig að tilboðsgjafar viti að hverju þeir ganga. Jafnframt þykir okkur miður að starfsmenn á vegum bæjarins hafi samþykkt verk þrátt fyrir að umbeðin efni úr útboðsgögnum hafi ekki verið notuð. Ef marka má þá umsögn sem farið er eftir við val á verktaka í jarðvinnu og lagnir í miðbænum, gerða af byggingarverkfræðingnum Jóni Ágústi Guðmundssyni sem starfar hjá VST og birtist í gögnum bæjarráðs, fundi 419 sem haldinn var fimmtudaginn 15. mars 2007 geta áður nefnd vinnubrögð reynst bæjarbúum kostnaðarsöm í komandi framtíð en þar stendur:

„Ef hraun yrði notað í efra burðarlag minnkar burðarþol umtalsvert, líklega er það í lagi fyrir léttu bíla en búast má við að gatan léti fljótt á sjá eftir umferð þyngri farartækja”

Einnig stendur varðandi notkunar á vikri í stað sands með lögnum:

„Vikur sem hér er boðinn er langt frá því að uppfylla kröfur verklýsingar, hann er burðarlítill, ekki þjöppunarhæfur og efniskorn hvassbrýnd. Ég tel að ekki komi til greina að samþykkja vikur sem sand umhverfis plast- eða strenglagnir, en gæti komið til greina umhverfis steinlagnir, þar sem þær liggja eru utan gatna”

Samskonar hraun sem vitnað er til í fyrri tilvitnun og sá vikur sem nefndur er í þeirri seinni eru þau efni sem hafa verið notuð hér í bæ og samþykkt þrátt fyrir að í útboðsgögnum hafi verið farið fram á mól, sem uppfylla á ákveðna staðla og sand sem einnig uppfyllir ákveðnar kröfur.

Samkvæmt framangreindu samþykkjum við að gengið verði að tilboði Borgarverks í jarðvinnu og lagnir í miðbænum.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Til máls tóku: LÁH og GDP

Liður 5. Erindi til afgreiðslu.

Liður 5.1. Bréf bæjarritara, dags. 2.3.2007 varðandi kynnisferð til Noregs og Danmerkur.

Samþykkt að bæjarritari Stykkishólmsbæjar fari í þessa kynnisferð.

Liður 5.2. Tölvupóstur frá stjórn Jeratúns ehf., dags. 28.2.2007 varðandi aukningu á hlutafé í Jeratúni og aðalfund Jeratúns 12. mars nk. kl. 16.00 í Fsn.

Samþykkt að auka hlutafé í Jeratúni um kr. 8.640.000. Bæjarstjórn leggur áherslu á það við stjórn Jeratúns að leitað verði allra ráða til að ná endurskoðun á leigusamningi vegna Fjölbrautaskóla Snæfellinga við ríkið. Samþykkt að Erla Friðriksdóttir fari með umboð Stykkishólmsbæjar á aðalfundi Jeratúns ehf. 12.mars.

Bókun varðandi beiðni stjórnar Jeratúns ehf um aukningu hlutafjár frá Stykkishólmsbæ sem nemur 8.640.000 í Jeratún ehf

Við undirrituð samþykkjum aukningu hlutafjár frá Stykkishólmsbæ. Við teljum þó mjög miður að ríkið komi ekki betur að rekstri Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði og standi við þau lög sem kveða á um að rekstur framhaldsskóla sé í

höndum ríkis. Það er augljóst að ef sá leigusamningur sem í gildi er á milli Menntamálaráðuneytis og þeirra sveitarfélaga sem standa að Jeratúni ehf verður ekki leiðréttur munu sveitarfélögin þurfa að auka hlutafé félagsins árlega næstu árin.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Til máls tóku: LÁH, GDP, EF og DS

Liður 5.3. Bréf Sóknarnefndar Stykkishólmskirkju, dags. 28.2.2007 varðandi beiðni um styrk vegna fasteignagjalda af Stykkishólmskirkju árið 2007.

Samþykkt að veita sóknarnefnd Stykkishólmskirkju styrk sem nemur fjárhæð fasteignagjalda. Sóknarnefnd er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi.

Liður 5.4. Bréf Lionsklúbbs Stykkishólms, dags. 28.2.2007 varðandi beiðni um styrk vegna fasteignagjalda af húsi Lionsklúbbsins við Aðalgötu.

Samþykkt að veita Lionsklúbbsi Stykkishólms styrk sem nemur fjárhæð fasteignagjalda. Lionsklúbbsnum er bent á Orkuveitu Reykjavíkur varðandi niðurfellingu á vatnsgjaldi. Ólafur sat hjá vegna tengsla.

Liður 5.5. Undirbúningstímar leikskólakennara í Leikskólanum í Stykkishólmi, erindi vísað til bæjarráðs af bæjarstjórn 22. febrúar sl.

Samþykkt að auka undirbúningstíma í 10 tíma á hverri deild á viku, um er að ræða 10 tíma aukningu á viku í heild fyrir Leikskólann. Elísabet situr hjá vegna hagsmuna. **Til máls tóku: DS og ELB**

Liður 5.6. Bréf SSV, dags. 6.3.2007 varðandi tilnefningu á frumkvöðli Vesturlands 2006.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar tilnefnir Sigurjón Jónsson sem frumkvöðul Vesturlands 2006 fyrir smíði á Víkingaskútu.

Liður 6. Önnur mál.

Liður 6.1 Boðun ársfundar og stofnfundar Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. 23. mars 2007.

Samþykkt að Erla Friðriksdóttir fari með umboð Stykkishólmsbæjar á stofnfundi Lánasjóði sveitarfélaga ohf. 23. mars 2007. **Til máls tóku: EF og GDP**

Liður 6.2. Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri leggur til að Stykkishólmsbær kanni möguleika á kaupum eða leigu á geymsluhúsnæði um 80-100 fermetra á stærð. Stykkishólmsbær er með geymsluhúsnæði víða í bænum, sum eru varla vatnsheld, því er mjög mikilvægt að Stykkishólmsbær hafi yfir að ráða traustu geymsluhúsnæði.

Til máls tóku: DS, LÁH, EF og GDP

Tillaga samþykkt samhljóða.

Liður 6.3. Lóðarumsókn Kristjáns Lárentsínusson um Hjallatanga 32.

Samþykkt að úthluta Kristjáni Lárentsínussyni lóðina að Hjallatanga 32.

Liður 6.4. Kvenfélagið Hringurinn gaf Stykkishólmsbæ stytta af hafmeyju eftir Guðmund frá Miðdal í tilefni af 100 ára afmæli Kvenfélagi Hringsins, stytta stóð áður í Hólmgarði. Bæjarstjórn þakkar Kvenfélaginu fyrir gjöfina.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 419, dags. 15.3.2007.

Liður 2. Opnun tilboða.

2.1. Opnun tilboða – yfirborðsfrágangur á miðbæ.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Garðabræður	kr. 44.243.985 m.vsk.
G.A.P. sf.	kr. 37.299.440 m.vsk.
B.J. verktakar	kr. 31.643.400 m.vsk.
Grásteinn ehf.	kr. 29.431.070 m.vsk.

Kostnaðaráætlun kr. 33.230.746,-

Þegar búið var að fara yfir útreikninga þá var Grásteinn ehf. lægstur kr. 29.790.070 með v.s.k. Samþykkt að bæjarstjóri gangi til samninga við lægstbjóðanda Grástein ehf.

Til máls tóku: LÁH, EF og GDP

Liður 2.2. Bréf VST hf., dags. 13.3.2007, varðandi frávíkstilboð Berglínar ehf.

Bókun.

Bæjarráð á að taka ákvarðanir sem miða að hagsmunum heildarinnar. Bæjarráð hafnar því að slegið verði af kröfum hönnunar og efnisvals eins og það kemur fram í framangreindu útboði. Ekki verður séð af innsendum tilboðum í Hjallatanga 3. áfanga og miðbæ að aukinn kostnaður fylgi því að standa við kröfur útboðs. Í öllum tilfellum utan einu myndi kostnaður aukast eða í besta falli vera óbreyttur ef heimilað væri að nota hraun í stað malar í neðra burðarlag. Jón Ágúst Guðmundsson hjá VST hefur fært skrifleg rök fyrir hönnun og efnisvali sbr. bréf dags 13.03.2007. Þau rök sem fyrir liggja varðandi útboð í miðbænum styðja það að tilboði Borgarverks skuli tekið sem lægstbjóðanda í verkið.

Gretar D. Pálsson
Elisabet L. Björgvinsdóttir

Liður 4. Erindi til afgreiðslu.

Liður 4.1. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 7.2.2007 varðandi deiliskipulag Víkurhverfis.

Bæjarstjóri leggur til að hefja viðræður við Skipavík hf. um uppbyggingu hluta Víkurhverfisins.

Tillaga til Bæjarstjórnar Stykkishólms

Undirrituð leggja það til að bæjarritara ásamt bæjarstjórn verði falið að vinna lista yfir þá samfélagslegu kosti og galla sem ef til vill fylgja því að samið verði við Skipavík ehf. um uppbyggingu á Víkurhverfi austan Borgarbrautar.

Listinn verði til aflestrar á vefsíðu Stykkishólms þar sem bæjarbúum gefst kostur á að bæta á listann og fjalla um áætlunina en þó einungis undir nafni.

Bæjarritara verði falið að hafa umsjón með listanum.

Atriðalista af þessu tagi er gott að hafa til stuðnings við samningagerð auk ákvarðanatöku og upplýsir bæjarbúa um þá kosti sem valið er um.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir
Davíð Sveinsson

Tillagan feld með fjórum atkvæðum gegn tveimur. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík hf.

Tillaga til Bæjarstjórnar Stykkishólms

Undirrituð leggja það til að bæjarritara ásamt bæjarstjórn verði falið að vinna lista yfir þá mögulega kosti sem í spilum eru varðandi úthlutun og vinnslu á Víkurhverfi austan Borgarbrautar.

Listinn verði til aflestrar á vefsíðu Stykkishólms þar sem bæjarbúum gefst kostur á að bæta á listann og fjalla um möguleikana en þó einungis undir nafni.

Bæjarritara verði falið að hafa umsjón með listanum.

Atriðalista af þessu tagi er gott að hafa til stuðnings við samningagerð auk ákvarðanatöku og upplýsir bæjarbúa um þá kosti sem valið er um.

Lárus Ástmar Hannesson
Berglind Axelsdóttir

Davíð Sveinsson

Tillagan feld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Bókun.

Framangreindar tillögur fela í sér að hlutverk bæjarráðs skv. samþykktum Stykkishólmsbæjar verði fært yfir á bæjarstjórn. Eins og fram kemur í 48. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Stykkishólmsbæjar gerir bæjarráð tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Samþykkt bæjarráðs felur í sér heimild til viðræðna við Skipavík. Ef niðurstöður viðræðna þar sem kostir og gallar hafa verið metnir af bæjarráði leiða til mögulegra samninga, mun tillaga til heimildar um gerð samninga verða borin upp í bæjarráði og samningur að því loknu. Óþarft er að taka fram að allar samþykktir bæjarráðs fari fyrir bæjarstjórn.

Gretar D. Pálsson
Elísabet L. Björgvinsdóttir
Ólafur Guðmundsson
Erla Friðriksdóttir

Til máls tóku: LÁH, GDP, DS og ELB

Liður 4.1. samþykktur.

Lárus gerði grein fyrir atkvæði sínu. Hann styður málið og vonar að ef samningar við Skipavík hf. verður talinn jákvæður verði hann vel kynntur fyrir bæjarbúum og lýðræðisleg vinnubrögð höfð í öndvegi. Davíð sat hjá vegna tengsla við Skipavík hf.

Liður 4.2. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 8.3.2007 varðandi deiliskipulag íbúðarsvæðis við Borg.

Bæjarstjóri leggur til að lóðirnar verði auglýstar til úthlutunar þegar niðurstaða varðandi landspildu við Borg til ræktunar liggur fyrir. Samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: EF

Liður 4.3. Erindisbréf fyrir stýrihóp um mótun fjölskyldustefnu.

Erindisbréf framlagt og samþykkt.

Til máls tóku: EF og ELB

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir nefnda.

2.1. Framkvæmdanefnd Ljósmyndasafns Stykkishólms, dags. 12.12.2006, 24.1. og 27.2.2007.

Til máls tóku: EF og DS

Fundargerðir framlagðar og samþykktar.

2.2. Fræðslunefnd, dags. 5.3.2007.

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.3. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 7.3.2007.

Fundargerð samþykkt fyrir á fundinum.

2.4. Stjórn Dvalarheimilis aldraðra, dags. 21.2. og 7.3.2007.

Fundargerðir samþykktar fyrir á fundinum.

2.5. Umhverfisnefnd, dags. 26.2.2007.

Til máls tóku: GDP

Fundargerð framlögð og samþykkt.

2.6. Þjónustuhópur aldraðra, dags. 21.2. og 5.3.2007.

Fundargerðir samþykktar fyrir á fundinum.

2.7. Æskulýðs- og íþróttanefnd, dags. 1.3.2007.

Til máls tóku: GDP

Fundargerð framlögð og samþykkt.

Fundargerðin upplasin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:40

Þór Örn Jónsson, bæjarritari